

AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005 - 2017 GRENJAR

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Skipulagslýsing
17. september 2018



Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



EFNISYFIRLIT

1	Yfirlit	3
2	Forsendur	4
	2.1 Skipulagssvæði	4
	2.2 Núverandi starfsemi.....	4
	2.3 Aðalskipulag.....	4
	2.4 Deiliskipulag.....	5
3	Viðfangsefni	6
	3.1 Breyting á aðalskipulagi	6
	3.2 Breyting á deiliskipulagi.....	6
4	Mat á umhverfisáhrifum	7
5	Skipulagsferli	7
	5.1 Lýsing	7
	5.2 Umsagnaraðilar.....	7
	5.3 Auglýsing tillagna og afgreiðsla.....	7
	5.3.1 Kynning og auglýsing.....	7
	5.3.2 Staðfesting og gildistaka.....	8
	5.4 Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu.....	8

1 YFIRLIT

Bæjarstjórn Akraness áformar breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna atvinnuþróunar og uppbyggingar á hafnarsvæði H3 á Grenjum. Jafnframt er unnið að breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Breyting á aðalskipulagi mun felast í breyttum ákvæðum um landnotkun á hafnarsvæðinu. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun eða afmörkun svæðisins.

Tilfni breytingarinnar er að talin er þörf á að skerpa ákvæði aðalskipulagsins um landnotkun á svæðinu til samræmis við þá uppbyggingu og atvinnuþróun sem þar er.

Í skipulagslýsingunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og breytingu á deiliskipulagi Grenja, hafnarsvæðis, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í lýsingu koma fram upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með framlagningu og kynningu lýsingar í upphafi verks er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við skipulagsvinnuna áður en gengið verður frá breytingartillögum til afgreiðslu og auglýsingar.



Mynd 1: Akraneshöfn. Mynd: Faxaflóahafnir. Hafnarsvæðið á Grenjum fjær – milli Lambhúsasunds og Krókalóns.

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐI

Hafnarsvæði H3 á Grenjum er milli Lambhúsasunds og Krókalóns. Í gildi er deiliskipulag Grenja, hafnarsvæðis, frá 2013 með síðari breytingum.

Á svæðinu eru þrjár byggingar; Bakkatún 26, skrifstofubygging, Bakkatún 30, framleiðslubygging og Krókatún 22-24, framleiðslubygging. Skipalyfta er á lóðinni Bakkatúni 32. Útisvæði með ýmsum búnaði og aðstöðu er á suður og vesturhluta svæðisins. Landið hefur verið mótað með landfyllingum við eyði milli Lambhúsasunds og Krókalóns frá landi yfir á Vesturflös, sem markar vesturmörk svæðisins. Ströndin við Krókalón hefur breyst mikið, annars vegar vegna sjóvarnargarða meðfram henni allri og hins vegar vegna fyllinga á Grenjum. Hafnarmannvirki eru í Lambhúsasundi.


2.2 NÚVERANDI STARFSEMI

Á Grenjum hefur um áratugi verið dráttarbraut og skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. Þar eru nú höfuðstöðvar Skagans 3X. Fyrirtækið er leiðandi í þróun, hönnun og framleiðslu á tækjabúnaði fyrir matvælaíðnað sem byggir fyrst og fremst á tækninýjungum í sjávariðnaði. Lausnir Skagans 3X byggja á mikilli sjálfvirkni með áherslu á bætt gæði og nýtingu afurða auk þess sem hagkvæmar og umhverfisvænar kæli-, pökkunar- og flutningslausnir eru hafðar að leiðarljósi. Fyrirtækið annast einnig smíði og þjónustu fyrir skip og stóriðju.

2.3 AÐALSKIPULAG

Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 eru þrjú hafnarsvæði; svæði H1, aðalhöfnin, svæði H2, Skarfatangahöfn, og svæði H3 við Lambhúsasund, sem fyrirhuguð breyting nær til. Um hafnarsvæði H3 gilda eftirfarandi ákvæði:


Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H3	4,6	Skipasmíðastöð við Lambhúsasund	Lóð skipasmíðastöðvar og dráttarbrautar ásamt hafnarmannvirkjum.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.



Mynd 2: Aðalskipulag Akraness 2005-2018 m/breytingum.

2.4 DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulag Grenja, hafnarsvæðis, var samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 22. janúar 2013.



Mynd 3: Gildandi deiliskipulag Grenja, hafnarsvæðis..

3 VIÐFANGSEFNI

3.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 mun felast nánari skilgreiningu þeirrar starfsemi, sem heimil verður á hafnarsvæði H3.


Drög að breyttum skipulagsákvæðum:

Á svæðinu er gert ráð fyrir skipasmíði, skipaviðgerðum, hafnsækinni starfsemi, iðnaðarframleiðslu og þjónustu við sjávarútveg, fiskiðnað og annan matvælaíðnað.

Engin breyting verður gerð á almennum texta greinargerðar eða almennum skilmálum..

3.2 BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi mun felast í nýjum byggingareit vestan og sunnan núverandi iðnaðarbyggingar fyrir um 2.500 m² byggingu. Hluti byggingarreits verður á lóðinni Bakkatún 32.



Mynd 4: Drög að deiliskipulagi. Nýr byggingarreitur suðvestan núverandi bygginga.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Skipulagsbreytingarnar eru ekki háðar lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í þeim er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000.

Svæðið er raskað og snertir breyting á skilmálum aðalskipulags og breyting á deiliskipulagi hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi. Ólíklegt er að fornleifar sé að finna á framkvæmda-svæðinu.

5 SKIPULAGSFERLI

Farið verður með breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi Grenja, hafnarsvæðis skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

5.1 LÝSING


Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótnun breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi áður en gengið verður frá skipulagstillögum og þær auglýstar.

5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Vegagerðin, siglingasvið
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Faxaflóahafnir
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.

5.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

5.3.1 KYNNING OG AUGLÝSING



Eftir að umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn hafa afgreitt skipulagstillögurnar til auglýsingar verður tillaga að aðalskipulagsbreytingu send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Að þeirri yfirferð lokinni og að teknu tilliti til ábendinga stofnunarinnar, ef ástæða þykir til, verða tillögurnar auglýstar. Stefnt er að auglýsingu í byrjun desember 2018. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögum til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillagnanna skulu þær auglýstar að nýju.

5.3.2 STAÐFESTING OG GILDISTAKA

Eftir samþykkt bæjarstjórnar verður aðalskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar og auglýsir stofnunin gildistöku hennar. Gildistaka deiliskipulagsins verður auglýst þegar breyting á aðalskipulagi hefur verið staðfest. Stefnt er að gildistöku í febrúar 2019.

5.4 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/> og verða aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og sendar á þjónustuver Akraneskaupstaðar Stillholti 16-18 eða á netfangið skipulag@akranes.is, merkt **Grenjar – skipulag**. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akraneskaupstaðar.



Mynd 5: Horft að dráttarbrautinni úr Akranesvita 2017.